

REGLUGERÐ nr. 930/2006

um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum og reglum settum samkvæmt þeim.

Sbr. reglug. nr. 492/2007, gildist. 01.06.2007, reglug. nr. 91/2009, gildist. 01.02.2009, reglug. nr. 328/2009, gildist. 01.04.2009 og rg. 797/2011, gildist. 24.08.2011

1. gr.

Sektir allt að 300.000 krónum og sviptingu ökuréttar vegna einstakra brota á ákvæðum umferðarlaga og reglna, settra samkvæmt þeim, skal ákvarða í samræmi við fyrirmæli og leiðbeiningar sem birtast í viðaukum I - III við reglugerð þessa.

Heimilt er að víkja frá ákvæðum í viðaukum ef veigamikil rök mæla með því.

2. gr.

Þegar ákvörðun er tekin um sekt vegna brota á tveimur eða fleiri ákvæðum umferðarlaga, eða reglna settra samkvæmt þeim, skal sektin vera samtala sekta vegna hvers brots um sig. Samtala sekta sem lögreglustjóri lýkur með lögreglustjórásátt má þó aldrei fara fram úr þeirri hámarksfjárhæð sem ákveðin er í reglugerð um lögreglustjórásáttir.

Lögreglustjóra ber að veita sakborningi 25% afslátt af sektarfjárhæð sem ákveðin er í lögreglustjórásátt, ef sakborningur greiðir sektina ásamt sakarkostnaði að fullu innan 30 daga frá dagsetningu sektarboðs eða undirritun sektargerðar sem sakborningur hefur gengist skriflega undir.

Um innheimtu sekta gilda ákvæði 52. gr. almennra hegningarlaga.

3. gr.

Sekt, sem sakborningur hefur skriflega gengist undir hjá lögreglustjóra, afplánast með fangelsi samkvæmt 4. – 5. mgr. 54. gr. almennra hegningarlaga.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með síðari breytingum, öðlast gildi 1. desember 2006. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 575/2001 um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum og reglum settum samkvæmt þeim með áorðnum breytingum.

Samgönguráðuneytinu, 31. október 2006.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

VIÐAUKI I
**Skrá yfir sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum
og reglum settum samkvæmt þeim.**

Brot á eftirfarandi ákvæðum umferðarlaga, eða reglum sem settar hafa verið samkvæmt þeim, varða sektum og sviptingu ökuréttar samkvæmt þessari skrá:

II. KAFLI (4.–10. gr.). Reglur fyrir alla umferð.

<i>Lagagrein</i>	<i>Tegund brots</i>	<i>Sektarfjárhæð kr.</i>
4. gr.	Meginreglur	
1. mgr.:	Verður beitt ef engin sérregla á við	5.000
2. mgr.:	Verður beitt með sérreglu til þyngingar	5.000
5. gr.	Leiðbeiningar fyrir umferð	
1. - 2. mgr.:	Ekið gegn rauðu umferðarljósi	15.000
	Ekið gegn einstefnu	5.000
	Bann við framúrakstri eigi virt	10.000
	Önnur umferðarmerki eigi virt (nema leggja beri gjald á skv. c-lið 108. gr.)	5.000
3. mgr.:	Óhlýðni ökumanns við leiðbeiningum lögreglu	10.000
5. gr. a.	Akstur utan vega í þéttbýli	
1. mgr.:	Ekið eða lagt á svæði sem ekki er ætlað fyrir umferð ökutækja	5.000
6. gr.	Leikir o.fl.	
1. mgr.:	Stokkið af eða upp í ökutæki á ferð eða verið utan á ökutæki á ferð	5.000
2. mgr.:	Hangið í ökutæki á ferð	5.000
	Maður á skíðum, hjólaskíðum, skautum dreginn á vegi	5.000
3. mgr.:	Leikur á vegi veldur óþægindum fyrir umferð	5.000
7. gr.	Vistgötur	
2. mgr.:	Ógætilegur akstur á vistgötu	5.000
4. mgr.:	Ökutæki lagt utan merktra stæða á vistgötu. Gjald skv. 108. gr.	
8. gr.	Að hindra eða trufla neyðarakstur o.fl.	
2. mgr.:	Eigi vikið í tæka tíð fyrir ökutæki sem gefur hljóð- eða ljósmerki	10.000
3. mgr.:	Hvít veifa notuð án heimildar	5.000
4. mgr.:	Óviðkomandi hamlar björgunarstarfi með því að vera of nærri slys- eða brunastað	5.000
5. mgr.:	Vegfarandi hindrar eða rýfur för líkfylgdar, hóps barna undir leiðsögn stjórnanda eða annarrar hópöngu	5.000
9. gr.	Skemmdir á umferðarmerkjum	
1. mgr.:	Umferðarmerki numið á brott eða breytt	10.000
2. mgr.:	Eigi gerðar viðeigandi ráðstafanir vegna skemmda á umferðarmerki	5.000

<i>Lagagrein</i>	<i>Tegund brots</i>	<i>Sektarfjárhæð kr.</i>
10. gr.	Skyldur við umferðaróhapp	
<i>1. mgr.:</i>	Eigi numið staðar og veitt hjálp (ekki slys á fólki)	15.000
	Neitað að skýra frá nafni og heimilisfangi	10.000
<i>2. mgr.:</i>	Vanrækt að tilkynna lögreglu um slys	10.000
IV. KAFLI (13.-35. gr.). Umferðarreglur fyrir ökumenn.		
13. gr.	Notkun akbrauta	
<i>1. mgr.:</i>	Ekið eftir gangstétt eða gangstíg	5.000
	Ekið eftir gangstétt eða gangstíg og hættu valdið	15.000
<i>2. mgr.:</i>	Eigi notuð sú rein sem ökutæki er ætluð	5.000
14. gr.	Hvar skal aka á vegi	
<i>1. mgr.:</i>	Ökutæki eigi haldið nægjanlega til hægri	5.000
<i>3. mgr.:</i>	Of stutt bil milli ökutækja	5.000
<i>5. mgr.:</i>	Ökutæki í vegavinnu ekið óvarlega	5.000
15. gr.	Akstur á vegamótum og í beygjum	
<i>1. og 3. mgr.:</i>	Röng staðsetning fyrir og við beygju á vegamótum	5.000
<i>2. mgr.:</i>	Ekið ógætilega á vegamótum	5.000
17. gr.	Að snúa ökutæki, aka aftur á bak og skipta um akrein	
<i>1. mgr.:</i>	Ökutæki bakkað eða snúið við þannig að hætta eða óþægindi skapast fyrir aðra	10.000
<i>2. mgr.:</i>	Eigi höfð nægileg aðgát við akstur frá vegarbrún, þegar skipt er um akrein eða ekið á annan hátt til hliðar, ökutæki er stöðvað eða dregið skyndilega úr hraða þess	10.000
<i>3. mgr.:</i>	Vanræksla á skyldum við akstur frá aðrein yfir á akrein	10.000
	Vanrækt að auðvelda umferð af aðrein inn á akrein	10.000
<i>4. mgr.:</i>	Röng notkun fráreinar	5.000
18. gr.	Akstur við biðstöð hópþreifreiða o.fl.	
<i>1. mgr.:</i>	Eigi virtur forgangur hópþreifreiðar til aksturs frá biðstöð	10.000
	Stjórnandi hópþreifreiðar vanrækir aðgát við akstur frá biðstöð	10.000
<i>2. mgr.:</i>	Eigi sýnd sérstök aðgát í námunda við merkta skólabifreið sem hefur stansað	10.000
19. gr.	Þegar ökutæki mætast	
<i>1. mgr.:</i>	Eigi vikið nægilega eða dregið úr hraða	5.000
20. gr.	Framúrakstur	
<i>1. mgr.:</i>	Ekið hægra megin fram úr	10.000
	Ekið vinstra megin fram úr ökutæki sem er að sveigja til vinstri	10.000
<i>2. mgr.:</i>	Eigi sýnd nægileg varúð við framúrakstur (a-d liðir)	10.000
<i>3. mgr.:</i>	Hliðarbil ófullnægjandi	10.000
	Sveigt of snemma til hægri	5.000
<i>4. mgr.:</i>	Eigi sýnd nægileg aðgæsla þegar ekið er fram úr ökutæki í vegavinnu	5.000

<i>Lagagrein</i>	<i>Tegund brots</i>	<i>Sektarfjárhæð kr.</i>
21. gr.		
<i>1. mgr.:</i>	Eigi vikið nægilega eða framúrakstur torveldaður	5.000
<i>2. mgr.:</i>	Eigi vikið til hliðar, dregið úr hraða eða numið staðar, ef þörf krefur	5.000
22. gr.	Bann við framúrakstri	
<i>1. mgr.:</i>	Ekið fram úr við eða á vegamótum	10.000
<i>2. mgr.:</i>	Ekið fram úr þegar vegsýn er skert	10.000
23. gr.	Framúrakstur og akreinaskipti í þéttri umferð	
<i>1. mgr.:</i>	Svigakstur á tveimur eða fleiri akreinum	10.000
24. gr.	Framúrakstur við gangbraut	
	Ekið fram úr rétt áður en komið er að gangbraut eða á henni	10.000
25. gr.	Skylda til að veita öðrum forgang	
<i>1. mgr.:</i>	Eigi sýnd sérstök aðgát við vegamót	10.000
<i>2. mgr.:</i>	Eigi virt:	
	- biðskylda	15.000
	- stöðvunarskylda	15.000
<i>3. mgr.:</i>	Vanrækt að veita forgang við akstur út á veg frá bifreiðastæðum, lóðum, landareignum o.fl.	10.000
<i>4. mgr.:</i>	Eigi virtur almennur forgangur á vegamótum o.fl. (hægri reglan)	10.000
<i>6. mgr.:</i>	Forgangur eigi virtur	10.000
<i>7. mgr.:</i>	Stöðvun ökutækis á eða við vegamót veldur óþarfa óþægindum	5.000
26. gr.	Sérstakar skyldur gagnvart gangandi vegfarendum	
<i>1. mgr.:</i>	Vanrækt að veita nægilegt rými á vegi o.fl.	5.000
<i>2. mgr.:</i>	Forgangur gangandi vegfaranda eigi virtur	5.000
<i>3. mgr.:</i>	Ekið óvarlega á göngugötu	5.000
<i>4. mgr.:</i>	Ekið óvarlega á vegamótum o.fl.	10.000
<i>5. - 6. mgr.:</i>	Gangbrautarréttur eigi virtur	10.000
27. gr.	Stöðvun ökutækis og lagning þess	
<i>1. mgr.:</i>	Ökutæki veldur óþægindum eða hættu fyrir umferð	5.000
<i>2. mgr.:</i>	Lagt á röngum vegarhelmingi o.fl.	5.000
<i>3. mgr.:</i>	Óheimil stöðvun eða lagning ökutækis á gangstétt, gangstíg, umferðareyjum og svipuðum stöðum. Gjald skv. 108. gr.	
<i>4. mgr.:</i>	Eigi gengið frá ökutæki með tryggilegum hætti	5.000
<i>5. mgr.:</i>	Dyr ökutækis opnaðar til hættu eða óþæginda o.fl.	10.000

Lagagrein	Tegund brots	Sektarfjárhæð kr.
28. gr.	Ökutæki stöðvað eða því lagt:	
1. mgr.:	c) Þannig að skyggi á umferðarmerki eða umferðarljós	5.000
	d) Í göngum eða undir brú	5.000
	e) Í eða við blindhæð o.fl. þar sem vegsýn er skert	5.000
	f) Á eða við hindrunarlínu þannig að torveldi akstur á rétta rein	5.000
	g) Á hringtorgi	5.000
	Ökutæki stöðvað eða því lagt:	
	a) Á eða við gangbraut	
	b) Á eða við vegamót	
	h) Á merktu stæði leigubifreiða eða fatlaðra	
	i) Minna en 15 m frá merki fyrir biðstöð hópibifreiða	
	Ber að leggja á gjald skv. 108. gr.	
2. mgr.:	Ökutæki lagt:	
	a) Á brú	10.000
	b) Við heimreið húss eða lóðar	5.000
	c) Við hlið annars ökutækis sem stendur við brún akbrautar	5.000
	d) Þannig að hindri aðgang að öðru ökutæki eða færslu þess af staðnum	5.000
	e) Við vatnshana slökkviliðs	5.000
30. gr.	Skyldur ökumanns, þegar ökutæki hefur stöðvast í sérstöku tilvikum	
	Brot gegn ákvæðum greinarinnar	5.000
31. gr.	Merki og merkjagjöf	
1. – 2. mgr.:	Merkjagjöf vanrækt	5.000
	Ónaúðsynleg merkjagjöf	5.000
32. gr.	Ljósanotkun	
1. mgr.:	Ökuljós eigi tendruð í dagsbirtu	5.000
2. mgr.:	Ökuljós eigi tendruð þegar birta er ófullnægjandi	5.000
3. - 8. mgr.:	Óheimil eða röng notkun ljósa	5.000
33. gr.	Ljósanotkun	
1. og 3. mgr.:	Stöðuljós eigi tendruð	5.000
34. gr.	Akstursípróttir og aksturskeppni	
2. mgr.:	Efnt til aksturskeppni án leyfis lögreglustjóra	20.000
35. gr.	Óþarfa hávaði o.fl.	
1. mgr.:	Óþarfa hávaði frá vélknúnu ökutæki	10.000
	Óþarfa loftmengun frá vélknúnu ökutæki	10.000
2. mgr.:	Óþarfa ónæði frá ökutæki við íbúðarhús	10.000

Lagagrein Tegund brots

Sektarfjárhæð kr.

V. KAFLI (36.-38. gr.). Ökuhraði.

36. gr. Almennar reglur um ökuhraða

1. – 3. mgr.: Ökuhraði eigi miðaður við aðstæður 15.000
4. mgr.: Aur slettist á vegfarendur vegna ógætilegs aksturs 10.000

37. gr. Almennar hraðatakmarkanir

[Þegar ekið er yfir lögleyfðum hámarkshraða skal beita eftirfarandi töflu. Í fyrstu línu lárétt er lögleyfður hámarkshraði tilgreindur. Raunverulegur hraði ökutækis er tilgreindur í fyrstu línu lóðrétt. Sektarfjárhæð er tilgreind í þúsundum króna og sviptingartími í mánuðum.

Hraði	30	35	50	60	70	80	90
36-40	5						
41-45	10	5					
46-50	15	10					
51-55	20	15					
56-60	25	20	5				
61-65	45 + 3	25	10				
66-70	55 + 3	30	15	5			
71-75	70 + 3	50 + 3	20	10			
76-80		55 + 3	25	15	5		
81-85		70 + 3	30	20	10		
86-90			40	30	15	10	
91-95			50	40	30	20	
96-100			60	50	40	30	10
101-110			90 + 3	60	50	50	30
111-120			110 + 3	80 + 1	60	60	50
121-130			130 + 3	110 + 3	80 + 1	80	70
131-140				130 + 3	110 + 2	110 + 1	90
141-150					140 + 3	140 + 2	130 + 1
151-160						150 + 3	140 + 2
161-170							150 + 3

]

38. gr. Ökuhraði sérstakra gerða ökutækja

[Ákvæði um sektir og sviptingu ökuréttar í viðauka I vegna brota á 38. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. V. kafli laganna, orðast svo:

Við ákvörðun sviptingar ökuréttar fyrir brot á þessum ákvæðum skal beita töflu 37. gr. að teknu tilliti til lögleyfðs hámarkshraða ökutækis.

Við ákvörðun sektar fyrir brot á þessum ákvæðum skal einnig beita töflu 37. gr. að teknu tilliti til lögleyfðs hámarkshraða ökutækis og að viðbættu 20% álagi á sektarfjárhæð.]²

¹ Rg. 492/2007, 1. gr.

² Rg. Nr. 492/2007, 2. Gr.

Lagagrein Tegund brots

Sektarfjárhæð kr.

VI. KAFLI (39.-43. gr.). Sérreglur fyrir reiðhjól, bifhjól og torfærutæki.

39. - 40. gr.	Reiðhjól Brot á sérreglum fyrir reiðhjól	5.000
41. gr.	Bifhjól Brot á sérreglum fyrir bifhjól	10.000
42. gr.	Létt bifhjól Brot á sérreglum fyrir létt bifhjól	10.000
43. gr.	Torfærutæki Brot á sérreglum fyrir torfærutæki	10.000

VII. KAFLI (44. – 58. gr.). Um öikumenn.

44. gr.	Veikindi, áfengisáhrif o.fl.	
4. mgr.:	Neysla áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna við akstur	30.000
5. mgr.:	Tóbaksreykingar við stjórn bifreiðar til farþegaflutninga í atvinnuskyni	10.000
6. mgr.:	Um brot á reglugerð um aksturs- og hvíldartíma öikumanna o.fl. í innanlandsflutningum og við flutning innan Evrópska efnahagssvæðisins vísast til viðauka II.	

[45. gr. Ölvunarakstur

2. og 3. mgr.:

Taflan miðast við að um fyrsta brot sé að ræða.

Vínandamagn í blóði ‰	Sektir kr.	Svipting
0,50 – 0,60	70.000	2 mán.
0,61 – 0,75	70.000	4 mán.
0,76 – 0,90	90.000	6 mán.
0,91 – 1,10	100.000	8 mán.
1,11 – 1,19	110.000	10 mán.
1,20 – 1,50	140.000	1 ár
1,51 – 2,00	160.000	1 ár og sex mán.
2,01 eða meira	160.000	2 ár

Vínandamagn í lofti mg/l	Sektir kr.	Svipting
0,25 – 0,30	70.000	2 mán.
0,31 – 0,37	70.000	4 mán.
0,38 – 0,45	90.000	6 mán.
0,46 – 0,55	100.000	8 mán.
0,56 – 0,59	110.000	10 mán.
0,60 – 0,75	140.000	1 ár
0,76 – 1,00	160.000	1 ár og sex mán.
1,01 eða meira	160.000	2 ár

6. mgr.:	Stjórnað eða reynt að stjórna hjóli eða hesti undir áhrifum áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna	5.000
7. mgr.:	Öikumanni í því ástandi sem fram kemur í ákvæðinu falin stjórn ökutækis	30.000

Lagagrein Tegund brots

Sektarfjárhæð kr.

45. gr. Síðara brot á ákvæðum greinarinnar eða ökumaður hefur áður brotið gegn 1. sbr. 2. 45. gr. a.

2. og 3. mgr.:

Vínandamagn í blóði ‰	Sektir kr.	Svipting
0,50 – 1,19	180.000	2 ár
1,20 – 1,50	200.000	3 ár
1,51 – 2,00	220.000	3 ár og sex mán.
2,01 eða meira	240.000	4 ár

Vínandamagn í lofti mg/l	Sektir kr.	Svipting
0,25 – 0,59	180.000	2 ár
0,60 – 0,75	200.000	3 ár
0,76 – 1,00	220.000	3 ár og sex mán.
1,01 eða meira	240.000	4 ár

Hafi ökumaður einu sinni áður brotið gegn ákvæðum 1. sbr. 2. mgr. 45. gr. a umferðarlaga með ávana- og fíkniefnaakstri, og fyrsta ítrekun er með broti gegn 1. mgr. sbr. 2. eða 3. mgr. 45. gr. eða 45. gr. a, skal svipting eigi vara skemur en 2 ár auk sektar að upphæð 180.000 kr., sbr. 6. mgr. 102. gr. umferðarlaga.

45. gr. a. Ávana- og fíkniefnaakstur.

1. mgr. sbr. 2. mgr.:

Taflan miðast við að um fyrsta brot sé að ræða.

Ávana- og fíkniefni í blóði	Sektir kr.	Svipting
Amfetamín: Lítið magn – Allt að 170 ng/ml í blóði	70.000	4 mán.
Amfetamín: Mikið magn – 170 ng/ml í blóði eða meira	140.000	1 ár
Tetrahydrokannabinól (kannabis) Lítið magn – allt að 2 ng/ml í blóði	70.000	4 mán.
Tetrahydrokannabinól (kannabis) Mikið magn – 2 ng/ml í blóði eða meira	140.000	1 ár
MDMA Mikið magn – 220 ng/ml í blóði eða meira	140.000	1 ár
Kókaín Lítið magn allt að 30 ng/ml í blóði	70.000	4 mán.
Kókaín Mikið magn – 30 ng/ml í blóði eða meira	140.000	1 ár

Ávana- og fíkniefni í þvagi	70.000	3mán.
------------------------------------	--------	-------

Finnist fleiri en ein tegund ávana- og fíkniefna í blóði ökumanns skal leggja til grundvallar það efni sem hefur hæst mæligildi.

<i>Lagagrein</i>	<i>Tegund brots</i>	<i>Sektarfjárhæð kr.</i>
<p>Sé um annað brot að ræða gegn 45. gr. a umferðarlaga, skal svipting eigi vara skemur en 2 ár, sbr. 6. mgr. 102. gr. umferðarlaga. Þá skal sekt vera 100.000 kr. ef um lítið magn er að ræða en 200.000 kr. ef um mikið magn er að ræða.</p> <p>Hafi ökumaður einu sinni áður brotið gegn ákvæðum 45. gr. umferðarlaga (ölvunarakstur) gilda sömu viðmið.</p>		
3. mgr. 45. gr. a:	Stjórnað eða reynt að stjóran hjóli eða hesti undir áhrifum ávana og fíkniefna eða sama og 6. mgr. 45. gr.	5.000
4. mgr. 45. gr. a:	Ökumanni í því ástandi sem fram kemur í ákvæðinu falin stjórn ökutækis	30.000
3. mgr. 47. gr.:	Ökumaður neitar að veita atbeina við rannsókn máls 1 árs svipting.] ³	100.000
46. gr.	Áfengisáhrif o.fl.	
1. og 3. mgr.:	Veitingamenn, þjónar eða bensínafgreiðslumenn reyna ekki að koma í veg fyrir ölvunarakstur	10.000
47. gr. a.	Notkun farsíma án handfrjáls búnaðar við akstur bifreiðar	5.000
48. gr.	Ökupróf og ökuskírteini	
1. mgr.:	Akstur bifreiðar eða bifhjóls <u>sviptur ökurétti:</u>	
	- fyrsta brot	60.000
	- annað brot	100.000
	Akstur bifreiðar eða bifhjóls án þess að hafa <u>öðlast ökurétt:</u>	
	- í fyrsta sinn	10.000
	- í annað sinn	20.000
	Ekið án þess að hafa endurnýjað ökuskírteini	5.000
	Ökuskírteini ekki meðferðis	5.000
50. gr.	Akstur bifreiðar til farþegaflutninga í atvinnuskyni án þess að hafa réttindi til þess	15.000
	Akstur bifreiðar sem er meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd eða akstur annarra ökutækja án þess að hafa fengið tilskilin réttindi	15.000
55. gr.	Stjórnendur dráttarvéla, vinnuvéla, léttra bifhjóla og torfærutækja	
	Akstur dráttarvélar, vinnuvélar, létts bifhjóls og torfærutækis <u>sviptur ökurétti:</u>	
	- fyrsta brot	50.000
	- annað brot	100.000
	Akstur ofangreindra ökutækja án þess að hafa <u>öðlast tilskilinn ökurétt:</u>	
	- fyrsta brot	5.000
	- annað brot	10.000
	Ekið án þess að hafa endurnýjað ökuskírteini	5.000
	Ökuskírteini ekki meðferðis	5.000

³ Rg. 328/2009, 1. gr.

<i>Lagagrein</i>	<i>Tegund brots</i>	<i>Sektarfjárhæð kr.</i>
57. gr.	Æfingaakstur	
<i>1. mgr.:</i>	Ökukennari hefur ekki hlotið löggildingu (bifreið)	10.000
<i>2. mgr.:</i>	Ökukennari hefur ekki hlotið löggildingu (bifhjól)	10.000
<i>3. mgr.:</i>	Ökukennari fer ekki að reglum við framkvæmd æfingaaksturs	10.000
<i>4. mgr.:</i>	Æfingaakstur fer fram fyrr en heimilt er:	
	- kennari	10.000
	- nemandi	5.000
<i>6. mgr.:</i>	(Sbr. reglugerð um ökuskírteini)	
	Leiðbeinandi hefur ekki tilskilið leyfi	10.000
	Æfingaakstur á léttu bifhjóli eða dráttarvél fer fram fyrr en heimilt er	5.000
	Nemandi hefur ekki tilskilið leyfi til æfingaaksturs léttis bifhjóls eða dráttarvélar	5.000
58. gr.	Upplýsingaskylda o.fl.	
<i>1. mgr.:</i>	Eigandi/umráðamaður neitar að gera grein fyrir því hver hafi stjórnað ökutæki	20.000
<i>2. mgr.:</i>	Manni, sem ekki hefur til þess réttindi, falin stjórn ökutækis:	
	- bifreið eða bifhjól	10.000
	- dráttarvél, vinnuvél, létt bifhjól eða torfærutæki	5.000
VIII. KAFLI (59. – 70. gr.). Um ökutæki.		
59. gr.	Gerð og búnaður (sbr. 1. mgr. 60. gr.)	
<i>1. mgr.:</i>	Hætta eða óþægindi leiða af ökutæki	5.000
	- héraðar rúður	5.000
<i>2. mgr.:</i>	Gerð og búnaði ökutækis áfátt	
	Eigandi/umráðamaður:	
	a) Áletranir eða merki	5.000
	b) Stýrisbúnaður	10.000
	c) Hemlar	10.000
	d) Ljóskef eða glitaugu	10.000
	e) Aðbúnaður ökumanns eða farþega	5.000
	f) Útsýn	5.000
	g) Öryggisbúnaður	5.000
	h) Hraðamælir	5.000
	i) Hjólabúnaður	
	- fyrir hvern óhæfan hjólbarða	5.000
	- nagladekk án heimildar fyrir hvern hjólbarða	5.000
	j) Tengibúnaður	10.000
	k) Búnaði fyrir farm áfátt	10.000
	l) Hjóðmerkisbúnaður	5.000
	m) Útblásturskerfi í ólagi	5.000
	Ökumaður: Helmingur af tilgreindri upphæð	
	Reiðhjól:	
	a) hemlabúnaði áfátt	5.000
	b) ljósum og glitmerkjum áfátt	5.000
	c) annað	5.000

<i>Lagagrein</i>	<i>Tegund brots</i>	<i>Sektarfjárhæð kr.</i>
62. gr.	Tenging og dráttur ökutækja	
<i>1. mgr.:</i>	Fleiri en einn tengivagn eða tengitæki tengt við: - bifreið - torfærutæki - reiðhjól	5.000 5.000 5.000
<i>2. mgr.:</i>	Fleiri en tveir eftirvagnar eða fleiri en einn eftirvagn og eitt tengitæki tengt við: - dráttarvél - vinnuvél	5.000 5.000
<i>3. mgr.:</i>	Eftirvagn eða tengitæki tengt við: - bifhjól - létt bifhjól	5.000 5.000
<i>4. mgr.:</i>	Hliðarvagn tengdur vinstra megin við bifhjól eða reiðhjól Hliðarvagn tengdur við létt bifhjól	5.000 5.000
<i>5. - 6. mgr.:</i>	Brot á reglum um tengingu og drátt ökutækja: - Eftir efni og eðli brots	5.000 – 20.000
63. gr.	Skráning	
<i>1. mgr.:</i>	Notkun skráningarskylds ökutækis án þess að það hafi verið skráð og skráningarmerki sett á það	10.000
64. gr.	Vanrækt að tilkynna eigendaskipti Vanrækt að færa ökutæki, sem breytt hefur verið á þann veg að það kallar á breytta skráningu, til skoðunar Skráningarmerki vantar eða eru ógreinileg Skráningarmerki vísitandi gerð ógreinileg Skráningarskírteini fylgir ekki ökutæki Brotið gegn reglum um tímabundinn akstur skráningarskyldra ökutækja án skráningar	5.000 5.000 10.000 10.000 5.000 5.000
66. gr.	Erlend ökutæki Brot gegn reglum um notkun erlendra ökutækja	5.000 – 20.000
68. gr.		
<i>4. mgr.:</i>	Ekki farið að fyrirmælum eftirlitsmanns	10.000 – 50.000
<i>4. mgr.:</i>	Ökumaður hlítir ekki banni við frekari för	10.000 – 50.000
IX. KAFLI (71.-72. gr. A.). Um notkun öryggis- og verndarbúnaðar.		
71. gr.	Öryggisbelti	
<i>1. mgr.:</i>	Öryggisbelti ekki notað	10.000
<i>2. mgr.:</i>	Sérstakur öryggisbúnaður fyrir barn ekki notaður	10.000
<i>6. mgr.:</i>	Þess eigi gætt að farþegi yngri en 15 ára noti öryggis- og verndarbúnað skv. 1. - 4. mgr.	15.000
72. gr.	Hlífðarhjálmar	
<i>1. mgr.:</i>	Viðurkenndur hlífðarhjálmar ekki notaður	5.000
<i>2. mgr.:</i>	Þess eigi gætt að farþegi yngri en 15 ára noti hlífðarhjálmar	15.000

Lagagrein Tegund brots Sektarfjárhæð kr.

X. KAFLI (73.-76. gr.). Flutningur, hleðsla, þyngd og stærð ökutækja.

73. gr.	Hleðsla ökutækja	
<i>1. mgr.:</i>	Farþegar eða farmur:	
	- byrgja útsýn ökumanns	5.000
	- tálma notkun stjórnækja ökumanns	5.000
	- byrgja lögboðinn ljósa- eða merkjabúnað ökutækis	5.000
	- byrgja skráningarmerki ökutækis	5.000
<i>2. mgr.:</i>	Of margir farþegar:	
	- fyrir hvern umframfarþega	5.000
<i>3. - 4. mgr.:</i>	Brot á reglugerð um hleðslu, frágang og merkingu á farmi:	
	- Eftir eðli og efni brots	5.000 – 50.000
75. gr.	Breidd, lengd og hæð ökutækja	
<i>1. mgr.:</i>	Brot á slíkum ákvæðum í reglugerð um stærð og þyngd ökutækja	5.000 – 50.000
<i>2. mgr.:</i>	Ökumaður veldur hættu eða óþægindum við akstur undir brú, í göngum, undir rafmagns- eða símalínunum o.þ.h.	10.000 – 100.000
76. gr.	[Áspungi og þyngd	
	Áspungi allt að 10% umfram leyfilegt hámark	30.000
	Áspungi allt að 20% umfram leyfilegt hámark	60.000
	Áspungi allt að 30% umfram leyfilegt hámark	100.000
	Áspungi meiri en 30% allt að 50% umfram leyfilegt hámark	100.000
	að viðbættum 10.000 fyrir hvert % umfram 30%] ⁴	

XI. KAFLI (77.-78. gr.). Óhreinkun vegar o.fl.

77. gr.	Óhreinkun vegar o.fl.	
<i>1. - 2. mgr.:</i>	Munum fleygt eða þeir skildir eftir á vegi þannig að þeir hafa í för með sér hættu eða óþægindi fyrir umferð	10.000 – 30.000
78. gr.	Rekstur búfjár	
<i>1. mgr.:</i>	Búfé rekið á vegi í þéttbýli án leyfis lögreglustjóra	5.000
<i>2. mgr.:</i>	Of fáir gæslumenn við rekstur búfjár í dreifbýli	10.000
<i>3. mgr.:</i>	Búfé ekki vikið fljótt og greiðlega úr vegi annarrar umferðar	5.000

XII. KAFLI (79.-87. gr.). Umferðarstjórn, umferðarmerki o.fl.

86. gr.	Merkingar þegar röskun á vegi vegna vegavinnu eða af öðrum ástæðum veldur hættu	
	Ófullnægjandi merking	5.000 – 20.000
87. gr.	Spjöld, auglýsingar, ljósabúnaður og þess háttar sett á eða í tengslum við umferðarmerki eða umferðarljós	5.000

XIII. KAFLI (88. – 99. gr.). Um fébætur og vátryggingu.

93. gr.	Vátryggingarskylda vanrækt	10.000 – 30.000
----------------	----------------------------	-----------------

⁴ Rg. 797/2011, 1. gr.

[VIÐAUKI 2

**Skrá yfir sektir og önnur viðurlög vegna brota á reglugerð um aksturs- og hvíldartíma
ökumanna, notkun ökurita og eftirlit nr. 605/2010.**

Brot á eftirfarandi ákvæðum reglugerðanna varða sektum samkvæmt þessari skrá:

Lýsing brots, sbr. viðeigandi ákvæði reglugerðar nr. 605/2010.	Sektarfjárhæð í krónum.
---	--------------------------------

1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 605/2010 – Daglegur aksturstími að hámarki 9 eða 10 klst.

Umfram tími	Umfram í %	Sekt ökumanns	Sekt flytjanda
1 klst.	10	20.000	30.000
1½ klst.	15	30.000	45.000
2 klst.	20	40.000	60.000
2½ klst.	25	50.000	75.000
3 klst.	30	60.000	90.000
3½ klst.	35	70.000	105.000
4 klst.	40	80.000	120.000

2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 605/2010 – Aksturstími í hverri viku að hámarki 56 klst.

Umfram tími	Umfram í %	Sekt ökumanns	Sekt flytjanda
9 klst.	10	20.000	30.000
13 klst.½	15	30.000	45.000
18 klst.	20	40.000	60.000
22½ klst.	25	50.000	75.000
27 klst.	30	60.000	90.000
31½ klst.	35	70.000	105.000
36 klst.	40	80.000	120.000

3. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 605/2010 – Aksturstími á hverjum 14 dögum að hámarki 90 klst.

Umfram tími	Umfram í %	Sekt ökumanns	Sekt flytjanda
9 klst.	10	20.000	30.000
13 klst.½	15	30.000	45.000
18 klst.	20	40.000	60.000
22½ klst.	25	50.000	75.000
27 klst.	30	60.000	90.000
31½ klst.	35	70.000	105.000
36 klst.	40	80.000	120.000

1. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 605/2010 – Akstur án hlés að hámarki 4,5 klukkustundir

Umfram tími	Umfram í %	Sekt ökumanns	Sekt flytjanda
30 mínútur	12	20.000	30.000
41 mínúta	15	30.000	45.000
54 mínútur	20	40.000	60.000
1 klst. og 8 mín.	25	50.000	75.000
1 klst. og 21 mín.	30	60.000	90.000
1 klst. og 35 mín.	35	70.000	105.000
1 klst. og 48 mín.	40	80.000	120.000

1. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 605/2010 – Daglegur hvíldartími að lágmarki 9 eða 11 klst.

Brot í tíma	Brot í %	Sekt ökumanns	Sekt flytjanda
54 mínútur	12	20.000	30.000
1 klst. og 21 mín.	15	30.000	45.000
1 klst. og 48 mín.	20	40.000	60.000
2 klst. og 15 mín.	25	50.000	75.000
2 klst. og 42 mín.	30	60.000	90.000
3 klst. og 9 mín.	35	70.000	105.000
3 klst. og 36 mín.	40	80.000	120.000

3. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 605/2010 – Daglegur hvíldartími – lágmark 12 klst. (lengdur hvíldartími)

Brot í tíma	Brot í %	Sekt ökumanns	Sekt flytjanda
1 klst. og 12 mín.	12	20.000	30.000
1 klst. og 48 mín.	15	30.000	45.000
2 klst. og 24 mín.	20	40.000	60.000
3 klst.	25	50.000	75.000
3 klst. og 36 mín.	30	60.000	90.000
4 klst. og 12 mín.	35	70.000	105.000
4 klst. og 48 mín.	40	80.000	120.000

5. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 605/2010 – Daglegur hvíldartími – tveir ökumenn – að lágmarki 9 klst.

Brot í tíma	Brot í %	Sekt ökumanns	Sekt eiganda
54 mínútur	10	20.000	30.000
1 klst. og 21 mín.	15	30.000	45.000
1 klst. og 48 mín.	20	40.000	60.000
2 klst. og 15 mín.	25	50.000	75.000
2 klst. og 42 mín.	30	60.000	90.000
3 klst. og 9 mín.	35	70.000	105.000
3 klst. og 36 mín.	40	80.000	120.000

a-liður 1. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 605/2010 – Vikulegur hvíldartími – lágmark 45 klst.

Brot í tíma	Brot í %	Sekt ökumanns	Sekt flytjanda
4½ klst.	10	20.000	30.000
6 klst. og 45 mín.	15	30.000	45.000
9 klst.	20	40.000	60.000
11 klst. og 15 mín.	25	50.000	75.000
13½ klst.	30	60.000	90.000
15 klst. og 45 mín.	35	70.000	105.000
18 klst.	40	80.000	120.000

b-liður 1. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 605/2010 – Vikulegur hvíldartími – lágmark 24 klst.

Brot í tíma	Brot í %	Sekt ökumanns	Sekt flytjanda
2 klst. og 24 mín.	10	20.000	30.000
3 klst. og 36 mín.	15	30.000	45.000
4 klst. og 48 mín.	20	40.000	60.000
6 klst.	25	50.000	75.000
7 klst. og 12 mín.	30	60.000	90.000
8 klst. og 24 mín.	35	70.000	105.000
9 klst. og 36 mín.	40	80.000	120.000

18. gr.	Varðveisla gagna úr rafrænum ökurita.	
b-liður 1. mgr.	1. Flytjandi vanrækir að tryggja varðveislu á upplýsingum úr ökurita og af ökumannskorti í að minnsta kosti 12 mánuði eftir að þær voru skráðar og gera þær aðgengilegar eftirlitsaðila:	
	a. Sekt flytjanda.	60.000
24. gr.	Krafa um notkun ökurita.	
1. mgr.	1. Bifreið, sem reglugerðin tekur til, ekki búin ökurita:	
	a. Sekt flytjanda.	45.000
25. gr.	Ástand ökurita.	
1. mgr.	1. Ökuriti vinnur ekki rétt:	
	a. Sekt ökumanns.	10.000 – 40.000
	b. Sekt flytjanda.	15.000 – 60.000
	2. Ökuritakort vinnur ekki rétt:	
	a. Sekt ökumanns.	10.000 – 40.000
	b. Sekt flytjanda.	15.000 – 60.000
2. mgr.	3. Tengingar milli aflrásar bifreiðar og ökurita ekki innsiglaðar:	
	Sekt flytjanda.	60.000
26. gr.	Ökuritaskífur.	
1. mgr.	1. Ökumanni ekki úthlutað nægilega mörgum ökuritaskífum:	
	Sekt flytjanda.	45.000
2. mgr.	2. Ökuritaskífur og útprentun, sem gerð er í samræmi við 28. gr., í tímaröð og á læsilegan hátt ekki varðveitt í a.m.k. ár:	
	Sekt flytjanda.	60.000
27. gr.	Gögn á ökumannskorti.	
1. mgr.	1. Gögn ekki flutt mánaðarlega af ökumannskorti og rafrænum ökurita til öruggrar vörslu:	
	Sekt flytjanda.	45.000
	2. Eftirlitsmanni ekki veittur aðgangur að gögnum:	
	a. Sekt ökumanns.	40.000
2. mgr.	b. Sekt flytjanda.	60.000
	3. Ökumaður hefur ekki meðferðis ökumannskort þegar hann ekur bifreið sem búin er rafrænum ökurita:	
	a. Sekt ökumanns.	30.000
	b. Sekt flytjanda.	45.000

28. gr.	Ástand gagna.	
1. mgr.	1. Ökumanskort, ökuritaskífur og önnur gögn, ekki vel læsileg, hrein og óskemmd:	
	a. Sekt ökumanns.	10.000 – 40.000
	b. Sekt flytjanda.	15.000 – 60.000
29. gr.	Notkun ökumanskorts og ökuritaskífu.	
3. mgr.	1. Ökumaður notar ekki ökuritaskífu eða ökumanskort við akstur:	
	a. Sekt ökumanns.	10.000 – 40.000
	b. Sekt flytjanda.	20.000 – 60.000
4. mgr.	2. Ökuritaskífa notuð lengur en einn akstursdag:	
	a. Sekt ökumanns.	20.000
	b. Sekt flytjanda.	30.000
	3. Fleiri en ein ökuritaskífa notuð sama dag án þess að heimild í 4. mgr. 29. gr. eigi við:	
	a. Sekt ökumanns.	20.000
	b. Sekt flytjanda.	30.000
7. mgr.	4. Ökuritaskífa ekki rétt útfyllt:	
	a. Sekt ökumanns.	20.000
	b. Sekt flytjanda.	30.000
30. gr.	Tákn fyrir þau atriði sem skráð eru í ökurita.	
1. mgr.	1. Ökumaður stillir ekki ökurita, eftir atvikum skífuökurita eða rafrænan ökurita, til að unnt sé að skrá sérhvert tímabil sérstaklega og greinilega undir viðeigandi merki, sbr. a – c-lið 1. mgr.:	
	a. Sekt ökumanns.	10.000 – 40.000
	b. Sekt flytjanda.	10.000 – 40.000
31. gr.	Upplýsingar sem skrá skal.	
1. og 2. mgr.	1. Ökumaður færir ekki inn á ökuritaskífu í skífuökurita lögboðnar upplýsingar:	
	a. Sekt ökumanns.	10.000 – 40.000
	b. Sekt flytjanda.	10.000 – 40.000

32. gr.	Gögn sem framvísa skal úr skífuökurita.	
1. mgr.	Bifreið búin skífuökurita en ökumaður getur ekki framvísað að ósk eftirlitsmanns:	
	1. Ökuritaskífum fyrir yfirstandandi dag og ökuritaskífum sem hann notaði næstliðna 28 daga:	
	a. Sekt ökumanns.	10.000 – 20.000
	b. Sekt flytjanda.	10.000 – 20.000
	2. Ökumanskorti sé hann handhafi slíks korts:	
	a. Sekt ökumanns.	10.000 – 20.000
	b. Sekt flytjanda.	10.000 – 20.000
	3. Handskrifaðri skráningu og útprentun yfirstandandi dags og næstliðinna 28 daga:	
	a. Sekt ökumanns.	10.000 – 20.000
	b. Sekt flytjanda.	10.000 – 20.000
33. gr.	Gögn sem framvísa skal úr rafrænum ökurita.	
1. mgr.	Bifreið er búin rafrænum ökurita en ökumaður getur ekki, að ósk eftirlitsmanns, framvísað:	
	1. Ökumanskorti sínu:	
	a. Sekt ökumanns.	10.000 – 20.000
	b. Sekt flytjanda.	10.000 – 20.000
	2. Handskrifuðum blöðum og útprentum yfirstandandi dags og næstliðinna 28 daga eins og krafist er samkvæmt þessari reglugerð:	
	a. Sekt ökumanns.	10.000 – 20.000
	b. Sekt flytjanda.	10.000 – 20.000
	3. Ökuritaskífunum frá því tímabili, sem um getur í 1. mgr. 32. gr., hafi hann á því tímabili ekið bifreið með skífuökurita:	
	a. Sekt ökumanns.	10.000 – 20.000
	b. Sekt flytjanda.	10.000 – 20.000
	4. Útprentun með upplýsingum um akstur þann sem fellur undir 7. og 9. gr. reglugerðar nr. 605/2010:	
	a. Sekt ökumanns.	10.000 – 20.000
	b. Sekt flytjanda.	10.000 – 20.000

35. gr.	Skráning og meðferð upplýsinga þegar ökuriti eða ökumannskort er ónothæft.	
1. mgr.	1. Ökumaður færir ekki inn á ökuritaskífu, varaéintak eða blað upplýsingar um þau tímabil sem ökuriti skráir ekki lengur eða prentar út með réttum hætti vegna bilunar:	
	a. Sekt ökumanns.	10.000 – 40.000
	b. Sekt flytjanda.	10.000 – 40.000
2. mgr.	2. Ökumaður prentar ekki út upplýsingar í lok ferðar um tímabilin sem ökuritinn skráði og færir ekki inn á útprentunina upplýsingar sem gera kleift að bera kennsl á ökumanninn, svo sem honum ber að gera, sé ökumannskortið gallað, ónothæft eða týnt eða því hefur verið stolið:	
	a. Sekt ökumanns.	10.000 – 40.000
	b. Sekt flytjanda.	10.000 – 40.000
40. gr.	Óheimil notkun ökumannskorts.	
1. mgr.	1. Ökumaður notar ökumannskort sem ekki er auðkennt með nafni hans:	
	a. Sekt ökumanns.	10.000 – 40.000
	b. Sekt flytjanda.	10.000 – 40.000
	2. Ökumaður notar ítrekað ökumannskort sem er gallað, fallið úr gildi eða hefur verið tilkynnt um sem týnt eða stolið:	
	a. Sekt ökumanns.	10.000 – 20.000
	b. Sekt flytjanda.	20.000 – 40.000

⁵

⁵ Rg. 797/2011, 2. gr.

Lagagrein Tegund brots Sektarfjárhæð kr.

VIÐAUKI III
Skrá yfir sektir vegna brota á
reglugerð um flutning á hættulegum farmi, nr. 984/2000.

Lagagrein	Tegund brots	Sektarfjárhæð kr.
2. gr.	Almenn ákvæði	
1. mgr.:	Eigi farið eftir ADR-reglum, með viðaukum A og B, eins og þær eru í gildi hverju sinni	30.000
2. mgr.:	Eigi farið eftir EB-tilskipun nr. 95/50 og viðaukum við þá tilskipun, við eftirlit með flutningum	30.000
5. gr.	Flokkun efna og vara	
1. mgr.:	Efni eða vörur eigi rétt flokkaðar áður en þær eru afhentar til flutnings	30.000
6. gr.	Umbúðir og merkingar þeirra	
1. mgr.:	Umbúðir uppfylla ekki kröfur ADR-reglna	30.000
2. mgr.:	Umbúðir eigi merktar með SP-númeri	30.000
7. gr.	Flutningsskjöl	
2. mgr.:	Farmur afhentur til flutnings án tilskilinna gagna	30.000
	Flutningsaðili tekur við efni eða vöru án fullnægjandi gagna	30.000
8. gr.	Merking ökutækja	
	Vanrækt að:	
	Merkja ökutæki með fullnægjandi hættuskiltum	30.000
	Merkja ökutæki með varúðarmerkjum	30.000
	Tilgreina SP-númer og viðeigandi hættunúmer á hættuskilti	30.000
9. gr.	Skortur á fylgibúnaði	
1. mgr.:	Skortur á slökkvibúnaði	90.000
2. mgr.:	Skortur á öðrum tilgreindum búnaði	30.000
10. gr.	Samlestun	
	Sprengifim efni og annar hættulegur farmur fluttur með sama ökutæki	70.000
	Reglur um aðskilnaðarflokka eigi virtar, sbr. töflu í viðauka I	30.000
	Fóðurvörur eða matvæli flutt með hættulegum farmi, sem merktur er með varúðarmerkjum 6.1 eða 6.2 í viðauka I	90.000
11. gr.	Viðurkenning flutningseininga	
	Flutningseining notuð án þess að hafa tilskilda viðurkenningu	30.000
12. gr.	Flutningur á sprengifimum efnum	
	Ökutæki, sem eigi hefur verið flokkað og viðurkennt, notað til flutnings á sprengifimum efnum	50.000
	Meira flutt af sprengifimum efnum í einni flutningseiningu en heimilt er skv. töflu í viðauka V	50.000
14. gr.	Sérstök ákvæði	

<i>Lagagrein</i>	<i>Tegund brots</i>	<i>Sektarfjárhæð kr.</i>
<i>1. mgr.:</i>	Sérreglur um flutning á hættulegum farmi um jarðgöng eða brýr eigi virtar	30.000
<i>2. mgr.:</i>	Meira en 50 kg sprengiefnis flutt með sama ökutæki án tilskilins leyfis lögreglustjóra, skv. reglugerð um sprengiefni Tilkynningarskyldu til lögreglustjóra vegna flutnings hættulegra efna eigi sinnt	30.000
<i>3. mgr.:</i>	Ferming eða afferming (umferming) ökutækis með hættulegan farm ef um er að ræða efni skv. viðauka B í ADR-reglum og töflu í viðauka VI: Á almennu svæði í þéttbýli án leyfis lögreglu	90.000
<i>4. mgr.:</i>	Ökutæki, sem flytur hættulegan farm í samræmi við viðauka B í ADR-reglum og viðauka VII, eigi vaktað	30.000
<i>5. mgr.:</i>	Ökutæki, með hættulegan farm eða hættuleg efni, samkvæmt viðauka B í ADR-reglum og viðauka VIII, stöðvað lengur en lögregla hefur heimilað nálægt íbúðarhúsnæði eða svæði þar sem almenningur á erindi	30.000
<i>6. mgr.:</i>	Farþegi í ökutæki án undanþágu, sbr. viðauka B í ADR-reglum og viðauka IX	30.000
16. gr.	Réttindi ökumanna	
<i>1. mgr.:</i>	Flutningur á hættulegum farmi án réttinda í samræmi við ADR-reglur sem staðfest eru með starfsþjálfunartorði	50.000
<i>2. mgr.:</i>	Ekið án aðstoðarmanns við flutning á sprengifimum vörum	30.000
	Aðstoðarmaður eigi með réttindi í samræmi við ADR-reglur sem staðfest eru með starfsþjálfunartorði	30.000

B-deild – Útgáfud.: 15. nóvember 2006